

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Stígamót, ráðgjafar-  
og fræðslumiðstöð um kynferðislegt ofbeldi, nr. 296/1995.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

9. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Framkvæmdahópur Stígamóta skal skipaður fimm fulltrúum og skal hver þeirra skipaður til tveggja ára í senn. Fulltrúar skulu ekki sitja lengur en þrjú tímabil í röð. Tveir fulltrúar skulu valdir úr hópnum starfsfólks Stígamóta og þrír fulltrúar með góða þekkingu og reynslu af störfum á sviði kynferðisofbeldis skulu valdir með samþykki framkvæmdahóps og í góðu samstarfi við starfshóp.

Framkvæmdahópur skal að jafnaði koma saman mánaðarlega. Aukafundi má halda sé ástæða til. Halda skal gerðabók.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Stígamót staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 29. mars 2019,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*